

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

374. fundur

Föstudaginn 15. september 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Elísa Kristmannsdóttir.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Fjárhagsáætlun áframhaldandi umræður
2. Innra eftirlit skýrsla
3. Staðgreiðsla – baukar í vögnum
4. Innri endurskoðun hjá Strætó.
5. Skýrsla fjármálastjóra um fjárhagsstöðu Strætó lögð fram
6. Ívilnun vegna VSK
7. Næturstættó í Hafnarfirði

Tekið fyrir:

1. Fjárhagsáætlun áframhaldandi umræður

Framkvæmdastjóri og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri fóru yfir stöðuna á fjárhagsáætlun fyrir árin 2024 til 2028. Farið var yfir nokkrar sviðsmyndir um hvernig reksturinn yrði á árinu 2024. Fjárförf er metin líðlega milljarður króna eins og áður hefur verið fjallað um. Markmiðið er að snúa við tapinu, að eigið fé verði jákvætt og að fjárfestingargeta félagsins verði aukin. Strætó er með útboð á akstri í gangi og beðið er niðurstöðu úr því, en mikilvægar rekstrarupplýsingar sem nýttar eru í fjárhagsáætlun næstu ára, koma úr því. Opnun tilboða verður 27. september n.k.

2. Innra eftirlit skýrsla

Lagt var fram og kynnt hvernig innra eftirliti er háttað hjá Strætó.

3. Staðgreiðsla – baukar í strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir með hvaða hætti staðgreiðsla er í strætisvögnum. Baukar sem taka við staðgreiðslu fargjalda frá farþegum eru orðnir barns síns tíma og þarf að huga að öruggari lausn til framtíðar.

4. Innri endurskoðun

Stjórn Strætó fól framkvæmdastjóra að athuga með framlengingu á samningi Deloitte um innri endurskoðun á fundi 9. júní s.l.. Drög að ráðningarbréfi bárust frá Deloitte og var framkvæmdastjóra falið að leita umsagnar endurskoðunarnefndar Strætó.

5. Ívilnun vegna vsk.

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaðar breytingar á ívilnunum vegna innflutnings á umhverfsvænum vögnum. Tímabundin ívilnun rennur út um næstu áramót og nýtt fyrirkomulag tekur gildi frá og með þeim tíma. Breytingarnar skapa mikla óvissu um stöðu þessa máls og geta haft töluverð kostnaðarleg áhrif á rekstur Strætó. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri var falið að vinna áfram með málið.

6. Skýrsla fjármálastjóra um fjárhagsstöðu Strætó

Lagt var fram til kynningar skýrsla fjármálastjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til kynningar. Þar eru lagðar til ýmsar tillögur til að taka á rekstrarvanda félagsins þ.m.t. niðurskurður, hækkun fargjalda o.fl..

7. Næturstrætó í Hafnarfjörð

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag á akstri næturstrætó til Hafnarfjarðar, en um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja mánaða.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:30

Fylgiskjöl: Innra eftirlit. Ívilnun vegna vsk.

Magnús Örn Guðmundsson

Alexandra Briem

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Hrannar Bragi Eyjólfsson